

Fundargerð hreppsnefndar 04. desember 2014

Fundur

Fundur nr. 10 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 4. desember 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Friðrik Óli Atlason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir, Magnús Þór Róbertsson og Guðrún Hildur Gunnarsdóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Félagsþjónusta:

a) Fulltrúi frá félagsþjónustu Fljótshálsa kynni starfseminu

Guðrún Frímansdóttir félagsmálastjóri félagsþjónustu Fljótshálsa kynnti þjónustusamning milli félagsþjónustunnar og Vopnafjarðarhrepps. Svaraði síðan framkomnum fyrirspurnum.

2. Fundargerðir:

a) Menningarmálanefndar dags. 29. október og 19. nóvember 2014

Fundargerðirnar síðan samþykktar samhljóða.

b) Stjórnar GáF ehf dags. 30. október 2014

Sveitarstjóri sat fund GáF og gerði nánar grein fyrir málinu. Að öðru leyti til kynningar.

c) Hafnarnefndar dags. 4. nóvember 2014

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

d) Íþrótt- og æskulýðsnefndar dags. 5. nóvember 2014

Samþykkt samhljóða að vísa til fjárhagsáætlunargerðar lið 2 í fundargerð, lið 3.1 og 3.4.

Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

e) Fræðslunefndar dags. 6. nóvember 2014

Varðandi 2. mál í fundargerð var samhljóða samþykkt að frítakan eigi einungis við í ár. Varðandi 5. mál var samhljóða samþykkt að fela sveitarstóra að skoða málið nánar.

f) Atvinnu- og ferðamálanefndar dags. 18. nóvember 2014

Hrund Snorradóttir tók til máls og óskaði eftirfarandi bókunar:

Breytingartillögur við Samþykkt fyrir atvinnu- og ferðamálanefnd:

3. gr. B fella út „fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum sveitarfélagsins.

Greinin hljóðar þá svo: „Að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf á Vopnafirði og taka þátt í umræðu um atvinnumál að hálfu þess.“

3. gr. C Fella út „framkvæmd stefnu og“ og „, svo sem Vaxtarsamningur Austurlands o. fl.“

Greinin hljóðar þá svo: „Að greina leiðir til að efla atvinnulíf á Vopnafirði og auka samkeppnishæfni

Þess. Í þessu skyni hefur atvinnumálanefnd á hendi mótun stefnu í atvinnumálum fyrir sveitarfélagið og forgangsröðun þeirra aðgerða sem nefndin telur brýnust á hverjum tíma. Nefndin hefur umsjón með verkefnum stefnumótunar í atvinnumálum.“

3. gr. D. Fella út „Þróunarfélag Austurlands“ og setja Austurbrú í staðinn.

Greinin hljóðar þá svo: „Nefndin hefur hlutverki að gegna varðandi mótun stuðningsumhverfis atvinnulífs á Vopnafirði. Í þessu skyni hefur nefndin virkt samstarf við Austurbrú, aðra stuðningsaðila atvinnulífs, svo og mennta- og rannsóknarstofnanir.

3. gr. E. Fella út „árlegt“

3. gr. I. Fella út „og annast kynningu á Vopnafjarðarhreppi sem ferðamannastað. Jafnframt sameina grein I og J.

Greinin hljóðar þá svo: „Nefndin vinnur að eflingu ferðaþjónustu og leitar samráðs við aðila innan sveitarfélagsins og utan þess í ferðamálum.

4. grein. Fella út „sérstakur“ og „ráðinn af sveitarstjórn“

Greinin hljóðar þá svo: „Starfsmaður sveitarfélagsins vinnur með atvinnumálanefnd og heldur utan um fundargerðir og ákvarðanir nefndarinnar. Að öðru leyti kunna að vera ráðnir starfsmenn og/eða verktakar eftir því sem þörf er á skv. ákvörðun sveitarstjórnar.“

Samþykkt samhljóða að vísa breytingartillögunum til atvinnu- og ferðamálanefndar. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

g) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 20. nóvember 2014
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

h) Aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 21. nóvember 2014
Til kynningar.

i) Ferða- og menningarfulltrúa Austurlands dags. 26. nóvember 2014
Til kynningar.

3. Almenn mál:

a) Bréf frá ÚÍA

Samhljóða samþykkt að standa að málum með samskonar hætti og undangengin ár og erindi sambandsins vísað til fjárhagsáætlunar.

b) Bréf frá nefnd um málefni Sundabúðar

Samþykkt samhljóða að ráðið verði í 50% stöðu tímabundið, sbr. bréf starfsnefndar.

c) Bréf frá sjónvarpsstöðinni N4

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að skoða málið nánar og koma með tillögu hér að lútandi.

d) Kauptilboð í skólahúsnæðið að Torfastöðum

Samþykkt með 6 atkvæðum að ganga frá sölu fasteignarinnar gegn einu atkvæði Hrundar, sem óskaði eftirfarandi bókunar:

„Ég tel kaupverðið vera of lágt, því greiði ég atkvæði á móti“.

e) Tilboð í byggingu skólþdælustöðvar á Vopnafirði

Samþykkt samhljóða að hafna báðum tilboðum þar eð þau eru umfram kostnaðaráætlun.

f) Bréf frá rekstraraðila Kaupvangskaffi

Fram fór umræða um opnunartíma kaffihússins og samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta – Eyjólf, Friðriks Óla, Sigríðar Elvu og Guðrúnar Hildar – að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við rekstraraðila kaffihússins. Hjá sátu Bárður, Hrund og Magnús Þór.

g) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum

Samþykkt samhljóða að vísa til GáF til umsagnar.

h) Bréf frá framkvæmdarstjóra Austurbrúar

Hrund vék af fundi undir þessum lið.

Samþykkt samhljóða að oddviti og sveitarstjóri sæki fund Austurbrúar fimmtudaginn 11. desember n. k.

i) Úthlutun á byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2014/2015

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta fundar hreppsnefndar, föstudagsins 12. desember n. k.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt. Einnig samþykkt að fundur hreppsnefndar verði færður til föstudagsins 12. desember n. k. kl. 12:00. Fundi slitið kl. 18:10.